

# ELÍSA

EBU Children Documentary Series 2004  
Ríkisútvarpið - Sjónvarp

Ljósaskipti ehf.  
Melgerði 2  
200 Kópavogur  
Iceland

Handrit eftir  
Linda Ásgeirsdóttur  
Ægi J Gudmundsson  
© Copyright 2004

FADE IN

ÚTI LÍTILL BÆR. -- DAGUR

Yfirlitsmynd yfir smábæ við sjóinn, þetta er BLÖNDUÓS á Íslandi. Nærmynd af hvítu húsi sem má muna fífil sinn fegurri.

INNI ELDHÚS. -- DAGUR

Elísa, ljóshærð 11 ára stúlka er að skera niður grænmeti. Hún er með hárið sett upp í tagl. Móðir hennar er að vinna við eldavél fyrir aftan hana.

ELISA V.O.

(01:02:16:22)

Ég heiti Elísa og ég er 11 ára

ELISA V.O. (CONT'D)

(01:02:20:03)

Ég er nýflutt hingað á Blönduós með mömmu og eldri systur minni.

Móðir Elísu er að steikja lauk á hálf skaptlausri gamalli steikarpönnu. Það hvæsir í lauknum í heitri feitinni.

MAMMA

(01:02:32:20)

Heyrðu, við erum bara búnar að búa til mat fyrir heilan her!

Elísa gefur frá sér stuttan niðurbældan hlátur.

INNI BORÐSTOFA. -- DAGUR

Elísa og móðir hennar sitja að snæðingi við borðstofuborð.

MAMMA

(01:02:46:13)

Finnst þér þetta ekki gott?

ELISA

(01:02:46:13)

Jú.

MAMMA

(01:02:54:10)

Hvað segirðu, ætlar pabbi þinn að koma í Stykkishólm í kvöld og ná í fólk?

ELISA  
(01:02:59:13)

Já.

MAMMA  
(01:03:00:07)

Er það?

ELISA  
(01:03:04:01)

Mig minnir að það hafi verið  
Rán, Íris, Hilmar, Hrönn og  
Friðrik.

MAMMA  
(01:03:09:15)

Svona margir?

ELISA  
(01:03:10:14)

Já

INNI HERBERGI ELÍSU. -- DAGUR

Elísa er að pakka niður í tösku sem situr á rúminu  
hennar.

ELISA V.O.  
(01:03:15:18)

Ég er að fara í eyjuna til  
pabba því mamma mín og pabbi  
eru skilin.

Elísa nær í lítinn tuskuhvolp upp á hillu.

ELISA V.O. (CONT'D)  
(01:03:21:07)

Ég er hjá mömmu á veturna og  
pabba á sumrin.

Elísa faðmar tuskudýrið stutt áður en hún stingur því í  
töskuna.

ELISA V.O. (CONT'D)  
(01:03:24:08)

Það er samningur sem enginn má  
svíkja.

INNI STOFA. -- DAGUR

Elís er ásamt móður sinni að skoða landakortabók á

stofuborðinu.

ELISA V.O.

**(01:03:32:20)**

Það tekur 4 - 5 tíma að fara í  
Flatey til pabba.

Mamma þræðir leiðina á kortinu með fingrinum.

MAMMA

**(01:03:37:01)**

Svo með ferjunni hérna yfir í  
Flatey.

Mamma setur fingur á upphaf eg endi ferðarinnar á  
kortinu.

MAMMA (CONT'D)

**(01:03:38:23)**

Þá erum við búin að fara þessa  
leið

Mamma horfir á Elísu.

MAMMA (CONT'D)

**(01:03:43:17)**

Þetta verður spennandi, það er  
svo gott veður.

INNI BÍLL Á FERÐ. -- DAGUR

Mæðgurnar sitja þegjandi á ferð í bíl, móðirin ekur og  
Elísa horfir á landslagu þjóta hjá.

ÚTI BRYGGJA. -- DAGUR

Mæðgurnar eru að kveðjast á bryggjunni með ferjuna Baldur  
í bakgrunni.

MAMMA

**(01:04:06:03)**

Ég bið að heilsa pabba líka.

MAMMA (CONT'D)

**(01:04:07:19)**

Hérna er miðinn þinn

MAMMA (CONT'D)

**(01:04:11:15)**

Passaðu að týna honum ekki.

ELISA

Já.

MAMMA

(01:04:14:12)

Þú mátt ekki detta í sjóinn!

ELISA

Nei.

MAMMA

(01:04:18:04)

Passaðu Voffa líka

ELISA

Já.

MAMMA

(01:04:22:00)

Bless elskan.

ELISA

(01:04:22:19)

Bæ, bæ.

MAMMA

(01:04:24:11)

Love you.

ELISA

(01:04:25:09)

Sömuleiðis.

Elisa gengur í áttina að landganginum.

Móðir hennar horfir á eftir henni um borð, þær veifa hvor annarri.

MAMMA

(01:04:31:05)

Ég vona að þú verðir ekki sjóveik!

ÚTI FERJUÞILFAR. -- DAGUR

Elisa veifar móður sinni er skipið færast frá bryggjunni.

ÚTI FERJUÞILFAR. -- DAGUR

Elisa stendur við borðstokkinn og horfir á Flatey nálgast.

ELISA V.O.

**(01:04:43:07)**

Flatey er lítil eyja og þar búa fáir, en það er mikið af fuglum og dýrum í eyjunni.

ÚTI FLATEYJARBRYGGJA. -- DAGUR

Ferjan siglir að bryggjunni.

ÚTI FLATEYJARBRYGGJA. -- DAGUR

Elísa gengur út landganginn til móts við föður sinn sem bíður í bryggjunni.

ELISA V.O.

**(01:04:53:13)**

Það er gaman að hitta pabba, því ég hitti hann svo sjaldan.

Pabbi smellir kossi á stelpuna, sem svo gengur að eldri konu og faðmar hana, þetta er AMMA.

ELISA V.O. (CONT'D)

**(01:05:01:19)**

Amma og afi eiga líka heima í Flatey.

ÚTI BRYGGJA. -- DAGUR

Elísa og pabba sækja farangur hennar í lítinn farangursgám.

ELISA

**(01:05:06:12)**

Nei við erum ekki með þetta - allavega ekki ég.

Þau ganga eftir bryggjunni.

ELISA (CONT'D)

**(01:05:10:00)**

Mér er ógeðslega kalt.

Þau ganga að dráttarvél með palli aftan á og seja farangurinn þar á.

ÚTI FLATEY. -- DAGUR

Dráttarvél með pabba Elísu undir stýri ekur fyrir horn og í ljós kemur Elísa ásamt hvutta sitjandi á pallinu innan um farangurinn.

ÚTI FLATAEY. -- DAGUR

Dráttarvélín nemur staðar fyrir framan stórt og reisulegt hús. Þetta er hús ömmu og afa.

INNI ELDHÚS ÖMMU. -- DAGUR

Elísa situr ásamt föður sínum og ömmu við matarborðið. Pabbi sötrar úr kaffibolla, Elísa fær sér skonsu og amma heldur uppi samræðunum.

AMMA

(01:05:33:06)

Já, gekk ekki vel í skólanum hjá þér?

ELISA

(01:05:37:13)

Jú.

AMMA

(01:05:38:11)

Hvenær kláraðirðu?

ELISA

(01:05:40:07)

Á fimmtudaginn.

AMMA

(01:05:43:06)

Og fékkst bara góðar einkunnir?

ELISA

(01:05:45:04)

Já.

AMMA

(01:05:45:24)

Gott. Gott að þetta er búið.

AMMA (CONT'D)

(01:05:49:11)

Þá kemurðu bara í lífsins skóla hérna hjá ömmu, afa og pabba.

AMMA (CONT'D)

(01:05:56:18)

Það er svona, þetta er gott í bland

ÚTI FLATEY. -- DAGUR

Æðarkolla situr hreyfingarlaus á hreiðri, falin milli samlitra steina í svipuðum lit og hún sjálf.

Elísa og pabbi koma gangandi í átt að hreiðrinu.

PABBI

(01:06:09:12)

Eigum við að skoða eggin?

Elis beygir sig niður og rekur þaulsetna æðarkolluna varlega af hreiðrinu með hendinni.

ELISA V.O.

(01:06:11:14)

Það er mikið að gera í Flatey og við pabbi förum oft og tínum dún.

ELISA V.O. (CONT'D)

(01:06:17:03)

Í Flatey og eyjunum í kring er mikið af æðarkollu

Elisa bakkar aðeins frá hreiðrinum og veifar hendinni fyrir vitum sér.

ELISA

(01:06:20:20)

Já, hún skeit yfir eggin.

PABBI O.S.

(01:06:23:05)

Þá er bara að þurka af þeim.

Pabbi situr á hækjum við hreiðrið við hlið Elísu, tekur eitt egg ú hreiðrinu og skygggir það mót sólu.

PABBI

(01:06:32:13)

Hún er búin að liggja soldið.

Æðarkollan fylgist með er pabbi tekur dúninn úr hreiðrinu.

ELISA V.O.

(01:06:42:01)

Æðarkollan reitir af sér dún í hreiðrið og við notum dúninn í sængur og kodda.

PABBI

(01:06:42:08)

Tíndu hnoðrana

Elisa setur egginn aftur í hreiðrið og svo sinu yfir þau.

ELISA V.O.

**(01:06:34:18)**

Svo setjum við sinu yfir egginn  
fyrir æðarkolluna í staðinn  
fyrir dúninn.

Feðginin standa upp.

PABBI

**(01:06:39:04)**

Komdu.

Feðginin ganga spöl frá hreiðrinu, setjast þar niður og  
fylgjast með æðarkollunni nálgast hreiðrið sitt aftur.

PABBI (CONT'D)

**(01:07:08:10)**

Hún er nú ekki alveg lögst á,  
er það?

Æðarkollan sest í hreiðrið en er með vara á sér.

ELISA

**(01:017:13:08)**

Hvar ætli karlinn sé eiginlega'

PABBI

**(01:07:15:22)**

Hann er einhvers staðar úti á  
sjó.

Elisa bendir út á sjó.

ELISA

**(01:07:19:16)**

Kannski er þetta hann!

Hvítur og svartur karlfugl syndir í flæðarmálinu.

PABBI

**(01:07:21:11)**

Gæti verið, hann er allavega  
einn.

ÚTI BAKGARÐUR ÖMMU. -- DAGUR

Elisa og pabbi koma gangandi með timbur að litlum kofa  
sem er í byggingu.

ELISA V.O.

(01:07:33:04)

Í byrjun sumars þegar ungarnir  
koma úr eggjunum finnur þabbi  
oft munaðarlausu unga í  
eyjunum.

Þabbi neglir annann endann á rafti í fuglahúsið.

ELISA V.O. (CONT'D)

(01:07:38:16)

Við ætlum því að vera vel  
undirbúin og byggja lítinn kofa  
fyrir ungana

ELISA V.O. (CONT'D)

(01:07:42:18)

ef einhverjir skyldu koma í  
sumar.

Elísa neglir nagla í þakið.

ELISA

(01:07:51:01)

Alveg oní?

PABBI

(01:07:51:12)

Já, já.

Elisa aðstoðar þabba við að saga og kíkir undir nýja  
þakið á kofanum.

ÚTI FUGLAKOFI. -- DAGUR (SEINNA)

Elisa er að mála kofann þegar AFI kemur að kíkja á hana.

AFI

(01:08:30:18)

Jæja Elísa, hvernig gengur.

ELISA

(01:08:32:08)

Ágætlega

AFI

(01:08:33:04)

Jæja

ELISA

(01:08:35:04)

Hvenær koma eiginlega ungarnir?

AFI

**(01:08:38:05)**

Þeir koma svona í næstu viku

ELISA

**(01:08:42:03)**

Oh, ég get ekki beðið.

AFI

**(01:08:44:01)**

Kannski fyrr - núna í þessari

AFI (CONT'D)

**(01:08:47:23)**

Þannig að þú verður að vera  
búin að mála.

ELISA

**(01:08:50:18)**

Allavega húsið.

Afi byrjar að ganga í burtu.

AFI

**(01:08:54:23)**

Allt í fina, þetta gengur hjá  
þér.

Elísa heldur áfram að mála.

ELISA

**(01:08:57:09)**

Uhm.

ÚTI BAKGARÐUR ÖMMU. -- DAGUR

Fugl syngur á staur.

ÚTI VERÖND BAKBVIÐ HÚS ÖMMU. -- DAGUR

Elísa situr á pallinum er pabbi kemur með eitthvað í  
pappakassa.

ELISA V.O.

**(01:09:23:03)**

Pabbi sagðist vera með dálítið  
handa mér.

Í ljós keur að í pappakassanum er pínulítill æðarungi.

ELISA  
(01:09:26:06)  
Æ, hann er svo mikil rúsína.

ELISA (CONT'D)  
(01:09:32:22)  
Má ég taka hann upp.

PABBI  
(01:09:33:19)  
Já.

Elísa tekur ungann upp og knúsar hann. Hún teygir sig yfir til pabba síns og kyssir hann á kinnina.

ELISA  
(01:09:49:18)  
Takk.

Elísa heldur áfram að knúsa ungann.

ELISA (CONT'D)  
(01:09:57:08)  
Hann er líkur mér.

Pabbi réttir krukku lok með vatnslögg í í átt að unganum.

ELISA (CONT'D)  
(01:09:59:18)  
Vill hann drekka þetta?

Unginn teygir sig í vatnið og gæðir sér á því.

ÚTI FUGLAGIRÐING. -- DAGUR

Hálfstálpaðir æðarungar skríða saman í kös til að halda á sér hita.

ELISA V.O.  
(01:10:25:21)  
Fuglavarp er mjög viðkvæmt og það var gott að við pabbi byggðum litla kofann

ELISA V.O. (CONT'D)  
(01:10:29:24)  
Því vikuna þegar ungarnir voru að koma úr eggjunum var mjög kalt

Elísa og pabbi stíga inn í fuglagirðinguna til að sinna æðarungunum.

ELISA V.O. (CONT'D)

**(01:10:33:14)**

og þess vegna komu tuttugu  
munaðarlausir ungar til okkar.

Elisa sturtar mjöli í skál.

ELISA V.O. (CONT'D)

**(01:10:41:07)**

Og það þarf að hugsa vel um þá  
og gefa þeim mjöl og vatn.

Ungarnir gæða sér á korninu og teyga vatnið.

ELISA V.O. (CONT'D)

**(01:11:01:14)**

Ungarnir eru alveg hrikalega  
miklar dúllur.

ÚTI FLATEYJARBRYGGJA. -- DAGUR

Rakel kemur gangandi niður landganginn á ferjunni Baldri,  
og Elisa tekur á móti henni á bryggjunni.

ELISA V.O.

**(01:11:21:04)**

Þarna er Rakel vinkona mín.  
Rakel ætlar að vera hjá okkur í  
nokkra daga.

Stúlkurnar á gangi ofan við bryggjuna. Í bakgrunni eru  
strákar að henda steinum í sjóinn.

ELISA V.O. (CONT'D)

**(01:11:29:00)**

Rakel er besta vinkona mín og  
við gerum allt saman.

INNI HERBERGI ELÍSU. -- DAGUR

Stelpurnar sitja á rúmi Elísu og eru að skoða Andrésar  
Andar blöð. Rakel les upp úr blaðinu sínu.

RAKEL

**(01:11:39:23)**

Ef tíu krákur sætu á staur og  
ein þeirra flygi burt, hvað  
væru þá margar eftir?

ELISA

**(01:11:44:13)**

Engin, þetta eru bara  
hermikrákur.

RAKEL

(01:11:46:05)

Sástu þetta eða ertu búinn að  
lesa þetta?

ELISA

(01:11:48:01)

Nei, ég kann þennan brandara  
utanað.

ÚTI MÓAR. -- DAGUR

Lítill fugl kíkir út úr hreiðri sem falið er í  
grasivaxinni þúfu.

ELISA V.O.

(01:11:58:08)

Þetta er í fyrsta skipti sem  
Rakel kemur í eyjuna svo það er  
margt að skoða.

ELISA V.O. (CONT'D)

(01:12:03:02)

Við fundum þúfutittling í  
hreiðrinu sínu.

Stúlkurnar halda hvor á sínum fuglinum.

RAKEL

(01:12:12:20)

Þinn er svo rólegur.

ELISA

(01:12:14:05)

Af hræðslu.

Móðurfuglinn er ókyrr í grendinni og flýgur efir  
stúlkurnar. Þær horfa á eftir honum.

RAKEL

(01:12:23:04)

Eigum við ekki að setja þá  
aftur í hreiðrið?

ELISA

(01:12:24:05)

Jú.

Stúlkurnar setja aftur ungana í hreiðrið og standa upp.

ELISA (CONT'D)  
(01:12:28:10)  
Komum heim.

ÚTI FUGLAGIRÐING. -- DAGUR

Elisa kemur inn í fuglagirðinguna með fat af korni. Rakel fylgir henni eftir.

ELISA V.O.  
(01:12:40:23)  
Rakel hjálpaði mér líka með unguna.

Þær taka upp æðarunga og setjast með hann í fanginu, og klappa honum.

RAKEL  
(01:13:02:11)  
Hann er þrisvar búinn að narta í mig.

Fuglarnir eru að næra sig og stúlkurnar fylgjast með þeim.

ELISA  
(01:13:11:07)  
Þetta er bliki.

RAKEL  
(01:13:13:16)  
Er þetta þarna kolla?

ELISA  
(01:13:15:18)  
Nei, ég held að það sé bliki.

ÚTI FLATEY. -- DAGUR

Stúlkurnar hjóla um þorpið í Flatey, þ.e. Elísa hjólar og reiðir Rakel á sætinu. Hundur stekkur frá einu húsinu geltandi og skokkar með þeim smá spöl.

ÚTI FLATEY. -- DAGUR

Fugl situr á steini og syngur, áður en hann flýgur upp í vindkviðu.

Þrír fuglar fljúga undan vindi.

INNI STOFA ÖMMU. -- DAGUR

Elísa situr við lítið borð með borðplötu gerðri úr þverskurði úr bol stórs trés. Hún er að skrifa bréf til mömmu sem hún myndskreytir með fuglum og hjarta.

ELISA V.O.

**(01:13:53:05)**

Elsku mamma. Nú er ég í Flatey hjá pabba, afa og ömmu.

ELISA V.O. (CONT'D)

**(01:13:56:16)**

Það er búið að vera rosa gaman. Rakel kom til mín og við erum búnar að gera margt saman. Kveðja, Elísa.

Elísa brýtur saman bréfið.

ÚTI PÓSTHÚS. -- DAGUR

Elísa setur bréfið í póstkassa utan á minnsta pósthúsi á Íslandi.

ÚTI BAKGARÐUR ÖMMU. -- DAGUR

Elísa gengur í átt að hliði við fuglakofann. Stálpaður æðarungi fylgir henni eftir.

ÚTI FUGLAGIRÐING. -- DAGUR

Elísa og pabbi eru að gefa æðarungunum.

ELISA V.O.

**(01:14:22:06)**

Sumarið líður og fuglarnir stækka og stækka.

Æðarungi er í slag við fingur Elísu. Hann er ekki hræddur við hana, þetta er eins konar leikur. Annar fugl blakar vængjunum kröftuglega.

ELISA V.O. (CONT'D)

**(01:14:32:05)**

Þeir eru meira að segja farnir að æfa vængina.

Hópur að æðarfuglum kemur æðandi, blakandi vængjunum eins og í flugtaki en enginn fer á loft. Þetta var bara kröftug vængjaæfing.

Elísa situr með ungann sinn í fanginu og strýkur honum

um hausinn.

ÚTI BAKGARÐUR ÖMMU, UTAN GIRÐINGAR. -- DAGUR

Elísa situr og fylgist með stálpuðum æðarungunum fá sér að drekka úr stóru plastboxi. Þeir eru ekki lengur lokaðir inni í girðingu.

ELISA V.O.

**(01:14:50:21)**

Þó það sé mikil vinna að hugsa um ungana þá er gaman að fylgjast með þeim læra alls konar nýja hluti.

Elísa eltir ungaskaranum þar sem þeir ganga ákveðnir í þéttum hóp eftir gangstíg.

ÚTI GRÝTT FJARA. -- DAGUR

Ungarnir hlaupa með látum niður grýtta fjöruna og út í sjó.

ELISA V.O.

**(01:15:09:21)**

Þá er komið að því að kveðja ungana

Elísa klappar unga fyrir ofan fjöruna.

ELISA V.O. (CONT'D)

**(01:15:12:09)**

- og ungann sem pabbi gaf mér.

Elísa kyssir ungann á kollinn og sleppir honum og stendur upp. Unginn leggur af stað með auknum hraða niður fjöruna og út í sjó til hinna unganna.

Elísa fylgist með unganum sínum sameinast stóra unghópnum sem kemur kvakandi á móti honum.

ELISA V.O. (CONT'D)

**(01:15:45:08)**

Nú þurfa þeir að sjá um sig sjálfir.

Elisa brosir til þeirra.

ELISA V.O. (CONT'D)

**(01:15:51:22)**

Kannski sé ég einhvern þeirra næsta sumar.

ÚTI FLATEY. -- DAGUR

Elisa situr og horfir á sólarlagið.

ELISA V.O.

**(01:15:56:12)**

Sumarið leið hratt eins og  
venjulega. Á morgun fer ég til  
mömmu.

ELISA V.O. (CONT'D)

**(01:16:05:16)**

Þegar ég er hjá þabba sakna ég  
mömmu og þegar ég er hjá mömmu  
sakna ég þabba.

ÚTI FLATEYJARBRYGGJA. -- DAGUR

Elisa og þabba sitja og spjalla á pallinum á  
dráttarvélinni þar sem hún stendur við bryggjuna.

ÚTI FLATEYJARBRYGGJA. -- DAGUR (SÍÐAR)

Fólk stendur í hóp á bryggjunni að kveðja þá sem eru að  
fara. Þar á meðal eru Elísa og faðir hennar.

ELISA V.O.

**(01:16:20:18)**

Þá er komið að því að kveðja  
þabba.

Þabbi beygir sig og smellir snöggum kossi á stelpuna  
sína.

ÚTI FERJUÞILFAR. -- DAGUR

Elísa stendur við handrið ferjunnar að fara frá  
bryggjunni og veifar skyldmönnum sínum á bryggjunni.

ELISA V.O.

**(01:16:25:09)**

Það verður gaman að hitta mömmu  
og segja henni frá sumrinu.

FADE OUT

CREDITS